

Vorfundur UEMO 2003



Katrín Fjeldsted



Steinunn Jónsdóttir

VORFUNDUR Evrópusamtaka heimilislækna, UEMO, var haldinn í Stokkhólmi í lok maí. Tvisvar á ári eru haldnir fundir á vegum samtakanna og þá fundi hafa Íslendingar sótt frá árinu 1993, fyrst sem áheyrnaraðilar en frá 1996 með fullri aðild. Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ og fyrrverandi formaður FÍH var aðalfulltrúi Íslands hjá samtökunum til ársins 1999 er Steinunn Jónsdóttir tók við. Katrín Fjeldsted hefur setið flesta fundi UEMO síðan árið 1996 sem fulltrúi FÍH. Megináhersla Evrópusamtaka heimilislækna er að fylgjast með og tryggja gæði þjálfunar og símenntunar heimilislækna í Evrópu, verja stöðu heimilislækna í heilbrigðisþjónustunni, gæta siðlegra, vísindalegra, stéttarlegra, félagslegra og fjárhagslegra hagsmuna evrópskra heimilislækna og frelsis þeirra við störf. Ennfremur að koma skoðunum aðildarfélaganna og samþykktum félagsins á framfæri við rétt yfirvöld og stofnanir auk þess að vinna með öðrum hagsmunafélögum lækna.

Aðildarlönd UEMO eru nú 22 og sóttu Slóvakar síðast um inngöngu. Frá janúar 2002 hafa Svíar verið í forsvari og er Dr. Christina Fabian nú forseti UEMO.

Á fundinum í Stokkhólmi voru ýmis málefni sem viðkoma heimilislæknum tekin fyrir. Í ársskýrslu sinni lagði Dr. Fabian áherslu á mikilvægt hlutverk heimilislækna í heilbrigðisþjónustunni. Hún undirstrikaði gildi góðrar framhaldsmenntunar og fjölbreyttrar símenntunar þar sem lagður væri grundvöllur að gæðum í starfi heimilislækna. Starf heimilislæknisins er mjög yfirgripsmikið, krefst þekkingar, þjálfunar og ekki síst innsæis, þar sem gagnkvæmt traust læknis og sjúklings er lykillinn að árangri. Þótt heilbrigðiskerfi landanna séu skipulögð með ólíkum hætti er kjarni heimilislækninga alls staðar sá sami. Hlúa þarf að starfsgreininni, bæta nýliðun, menntun og starfsaðstæður til þess að tryggja gott aðgengi sjúklunga og ánægju læknanna í starfi.

Svíar hafa það á stefnuskrá sinni að auka samskipti og samvinnu UEMO við önnur samtök lækna á Evrópu- og alþjóðavettvangi. Tilgangurinn er að samnýta krafta enda eru mörg málefni sameiginleg hagsmunamál allra lækna. Til þess að auka líkur á slíkri samvinnu fékk stjórnin á þessum vorfundi umboð til þess að vinna að flutningi varanlegrar skrifstofu UEMO til Brussel. Stjórn Fastanefndar lækna í Evrópu (CPME) hefur lýst yfir vilja sínum til að veita UEMO aðstoð á ýmsum sviðum. CPME hefur lengur haft tengsl inn í Evrópuráðið og nefndir á vegum Evrópusambandsins og er því mikilvægt að eiga þá að. Forseti CPME er Reiner Brettenthaler og er hann heimilislæknir.

Vorfundur hófst með ræðu heilbrigðisráðherra Svía þar sem hann rakti stefnu og helstu viðfangsefni í sænsku heilbrigðiskerfi. Þá var flutt mjög áhugaverð kynning á fyrstu samevrópsku rannsókninni (17 lönd tóku þátt, þó ekki Ísland) um heilsufar karla í Evrópu („The European Men's Health Forum and the First Report on Men's Health“). Það er vel þekkt og staðfest að karlar leita síður eftir heilbrigðisþjónustu en konur, einkum á fyrri æviskeiðum. Samtök þessi vilja vekja lækna og almenning til umhugsunar um þá staðreynd í von um að gripið sé til forvarna. Til frekari glöggvunar skal bent á vefsíðu samtakanna: www.emhf.org

Dr. Klas Winell átti næsta innlegg sem fjallaði um stöðu tóbaksvarna í alþjóðlegu samhengi. Hann er í forsvari fyrir tóbaksvarnanefnd á vegum WHO. Hlutverk heimilislækna í baráttunni við tóbaksvandann er augljóst. Hann lýsti ánægju sinni með það að UEMO hafi tekið ákveðna afstöðu í tóbaksvörnum. Starfshópur UEMO í forvarnarmálum, þar sem Steinunn Jónsdóttir hefur verið formaður, lagði fram stefnumörkun samtakanna í tóbaksvörnum og var hún samþykkt samhljóða. Þessi nefnd fékk einnig samþykkt almenna stefnu UEMO í forvörnum á síðasta haustfundi í Flórens. Hefur hún verið kynnt öðrum læknasamtökum, meðal annars CPME, sem vilja gjarnan eiga samvinnu við UEMO í þessum málaflokki. Nánari upplýsingar um skipulag og stefnu UEMO má nálgast á vefsíðunni: www.uemo.org

Næst á dagskrá var vinna í starfshópum. Fjallað var um eftirtalin málefni og niðurstaða hópunnunnar kynnt í lok fundar:

- Jöfnun tækifæra til starfa í heimilislækningum
- Gæðastjórnun
- Viðhalds- og símenntun
- Framhaldsnám í heimilislækningum
- Fjarlækningar og upplýsingatækni
- Forvarnir í heilsugæslu

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í starfshópum og haft áhrif þar á umræðu og stefnumörkun í þeim hópum sem þeir hafa verið þátttakendur.

Síðari fundardagurinn snerist fyrst og fremst um innri málefni samtakanna. Vaxandi rekstrarkostnaður er áhyggjuefni og voru lagðar fram tillögur í sparnaðarskyni. Túlkaþjónusta hefur átt drjúgan þátt í þessum vanda og var tekin ákvörðun um að draga verulega úr henni þannig að enska verður aðaltungumálið og gerðar verða kröfur um að meðlimir skilji ensku til hlítar þótt þeir megi tjá sig á eigin tungu (ensku, þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku).

Mikilvægur þáttur í að miðla af reynslu og fá hug-

Höfundar eru heimilislæknar.

mynd um stöðu heimilislækninga í hinum ýmsu löndum eru pistlar og niðurstöður ýmissa kannana sem lúta til dæmis að fyrirkomulagi náms og skipulagi starfs. Fulltrúar landanna skrifa ýmist greinar eða svara fyrirspurnalistum sem síðan er dreift með raf-rænum hætti á milli félagsmanna og birt á heimasíðunni. Þannig er samstarf á netinu á milli funda. Einnig gefst fulltrúum stundum kostur á að kynna á fundum einstök málefni er varða heilbrigðismál í þeirra eigin landi. Íslensku fulltrúarnir kynntu gagnagrunsmálið á sínum tíma. Einnig hafa verið sendar skriflegar upplýsingar um skipulag íslenska heilbrigðiskerfisins, þar með talið heilsugæslunnar. Greint hefur verið frá baráttu heimilislækna á Íslandi um bætt kjör og starfsaðstæður. Einig hafa íslensku fulltrúarnir átt innlegg í árbók félagsins (The UEMO Reference Book). Hún verður væntanlega aðgengileg á netinu þegar búið er að uppfæra síðuna og semja við nýjan útgefanda, en samningi var rift við Kensington Publications vegna vanda útgáfunnar.

Á þessum vorkundi lagði íslenska nefndin fram tillögu að beiðni formanns LÍ þess efnis að samtökin álykti um hlutverk heimilislækna í baráttu fólks við offitu en hún á stóran þátt í heilsubresti og er vaxandi vandamál í vestrænum samfélögum. Var tillaga okkar samþykkt einróma og verður það verkefni LÍ að undirbúa drög að ályktun fyrir næsta fund með það í huga að hana megi samþykkja þegar UEMO fundur verður haldinn hérlendis vorið 2004.

Svíar sýndu mikla gestrisni á þessum vorkundi. Gafst fulltrúum UEMO tækifæri til að hittast og eiga skemmtilegar kvöldstundir, fyrra kvöldið var sigling í sænska skerjagarðinum en síðara kvöldið málsverður í boði Sænska Læknafélagsins í Vasa safninu í Stokkhólmi. Þá var tilefni til að skiptast á skoðunum



Fulltrúar Íslands, Steinunn Jónsdóttir og Katrín Fjeldsted ásamt Christínu Fabian forseta UEMO.



um hvaðeina sem snýr að heilbrigðismálum og starfi heimilislækna. Næsti fundur verður í Dubrovnik í Króatíu en að ári verða Íslendingar gestgjafar í fyrsta sinn.

Nokkrir fulltrúar Svía í stjórn UEMO.



Dr. Gordana Zivec-Kalan, fulltrúi Sloveníu, Dr. Christina Fabian, forseti UEMO ásamt námslækni sínum, Dr. Reiner Brettenthaler, forseti CPME og Dr. Bernhard Grewin, formaður Sænska læknafélagsins.